

Primex ehf.
Óskarsgötu 7
580 Siglufjörður

Akureyri, 21.6.2024
UST202401-238/G.S.Á.
08.09.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 23.05.2024 - Primex ehf., Siglufirði ID96

Þann 23. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í kítín- og kítósanverksmiðju Primex ehf., Siglufirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Ábending er sett fram um að niðurstöður frá rannsóknarstofu vegna mælinga í viðtaka þurfa að berast eftirlitsaðila með Grænu bókhaldi eða ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Niðurstöður mælinganna komu fram í Grænu bókhaldi en frumgögn vantaði. **Frumgögnum var skilað í eftirliti og rekstraraðili skilar frumgögnum framvegis með ársyfirliti eða Grænu bókhaldi.**

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Ekki skulu vera opin niðurföll í efnageymslu. Í efnageymslu í húsnæði við hlið verksmiðjunnar eru efni (klór, saltsýra, peroxyð, ediksýra) geymd þar sem opin niðurföll eru til staðar og er rekstraraðila bent á að gera úrbætur á því sem allra fyrst.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal einu sinni á ári gera efnamælingar í viðtaka. Mælingar voru ekki framkvæmdar árið 2023 og er því skráð frávík þar um. **Mælingar voru gerðar í apríl 2024 og er frávíkinu lokað.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu frávíki nr. 1 í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. júlí 2024.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur